



BOLUNGARVÍK

Gjaldskrár 2020

17. desember 2019



Gjaldskrá Félagsheimilisins 2020

Aðalsalur svalir og svið ásamt móttökusal í anddyri

Innifalinn er aðgangur að hljóð- mynd- og ljósakerfum (aðgangur að útisvæði fylgir leigu)

Stytttri viðburðir 1-4 klst.

T.d. fundir, leiksýningar tónleikar, stytttri tækifærisveislur, fermingar, erfisdrykkjur ofl.

Almennt gjald

49.000 kr.

Hver viðbótarklukkustund umfram 4 klst.

12.000 kr.

Af opnum tónlistarviðburðum greiðast STEF gjöld skv. gjaldskrá STEF

Lengri viðburðir 4 - 8 klst. frá opnun til loka viðburðar

Afmæli, brúðkaup, árhátíðir, dansleikir, ættamót ofl., notkun á eldhúsi og borðbúnaði innifalinn

Virkir dagar

49.000 kr.

Helgar

109.000 kr.

Hver viðbótarklukkustund umfram 8 klst.

12.000 kr.

Minni salir (Anddyri, fundarsalur og barsvæði)

Innifalinn er almenn fundaraðstaða, skjávarpi og kaffiaðstaða

Virkir dagar - 1-4klst

10.000 kr.

Virkir dagar - heill dagur

15.000 kr.

Helgar - 1-4klst

15.000 kr.

Helgar - heill dagur

20.000 kr.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Bolungarvík frá 1. janúar 2020.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 29. gr. og 30. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, 24.gr. og 25. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og 24.gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

1. grein – Greiðslur

Viðskiptavinur greiðir kr. 806,- fyrir hverja þjónustustund. Greitt skal fyrir allt að 10 kls. þjónustu á hvert heimili á viku.

2. grein – Undanþága frá greiðslu fyrir þjónustu

Hægt er að sækja um undanþágu frá greiðslu, til félagsmálastjóra.
Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem búa einir og hafa tekjur sem eru undir kr. 295.500,- á mánuði. Tekjuviðmið fyrir hjón eða þá sem eru tveir í heimili skal vera kr. 483.500,-.
Ákvörðun um niðurfellingu skal tekin af félagsmálastjóra, enda liggi upplýsingar um tekjur fyrir.

3. grein – Aðrar undanþágur

Allar ákvarðanir um undantekningar, sem skarast við reglur, skulu teknar af velferðaráði.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



Gjaldskrá gatnagerðargjalda og framkvæmdaleyfa frá 1. janúar 2019

Byggingarleyfisgjöld

Lágmarksgjald, byggingar allt að 60 m ²	Krónur	29.722
Lágmarksgjald, byggingar stærri en 60 m ²	Krónur	59.587
Nýbyggingar	Krónur á fermetra	355
Sumarbústaðir	Krónur á fermetra	1.368
Stöðuleyfi hjólhýsa	Krónur á hjólhýsi	14.295
Stöðuleyfi gáma á gámasvæði, 20 feta gámur	Krónur á gám	11.846
Stöðuleyfi gáma á gámasvæði, 40 feta gámur	Krónur á gám	17.768
Stöðuleyfi gáma, 20 feta gámur	Krónur á gám	28.205
Stöðuleyfi gáma, 40 feta gámur	Krónur á gám	42.313
Geymslusvæði, 49 m ² leigupláss	Krónur á ári	17.768
Geymslusvæði, 49 m ² leigupláss	Kr. Fyrir 2 mánuði	2.960

Vottorð

Byggingarstig húsa	kr. á stk.	23.805
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga	kr. á stk.	15.873
Afgreiðsla skráningartöflu	kr. á stk.	25.972

Gatnagerðargjöld

Hlutfall

Eining

Taxti

Einbýlishús	9,00%	Krónur á fermetra	19.830
Rað- og sambýlishús, mest 4 íbúðir	6,50%	Krónur á fermetra	14.322
Fjölbýlishús, 5 íbúðir og fleiri	4,50%	Krónur á fermetra	9.915
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	5,50%	Krónur á fermetra	12.118
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði	3,50%	Krónur á fermetra	7.712
Bifreiðageymslur, áður byggð hverfi	5,50%	Krónur á fermetra	12.118
Skólamannvirki	6,00%	Krónur á fermetra	13.220
Sólskálar	4,50%	Krónur á fermetra	9.915

Viðmiðun gatnagerðargjalds

Upphæð gatnagerðargjalds skal miðað við byggingarkostnað „vísitölufjölbýlishúss“ og er sá kostnaður kr. 204.413 pr. fermetra miðað við vísitölu í nóvember 2018. Árið 2019 er gefin 100% afsláttur af gatnagerðargjöldum íbúðarhúsnæðis þar sem byggt er á tilbúnum lóðum.

Grunntaxti gjaldskrár

Grunntaxti gjaldskrár miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 2018, 706,3 stig. Byggingaleyfisgjöld og vottorð eru föst gjöld ákveðin einu sinni á ári en gatnagerðargjöld taka breytingu samkvæmt byggingavísitölu.



Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda sem ekki eru háðar byggingaleyfi samkvæmt III. kafla laga nr. 160/2010

Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 72.098,-. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu 706,3 stig, fyrir nóvember 2018.

Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúningi leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem Bolungarvíkurkaupstaður verður fyrir vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

Gjalddagi

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur Bolungarvíkurkaupstaðar og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Stöðuleyfi fyrir vinnubúðir samkvæmt kafla 4.11 og stöðuleyfi samkvæmt kafla 2.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012

Fyrir útgáfu stöðuleyfis vinnubúða á grundvelli kafla 4.11 byggingarreglugerðar skal greiða grunnjald kr. 46.171,-. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

Vinnubúðir á deiliskiplagi: kr. 86.569,- til kr. 865.699,- eftir umfangi. Við ákvörðun gjalds skal taka mið af fjölda bygginga, staðsetningu vinnubúða og hversu lengi þær eiga að standa. Gjald skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði er leiðir af útgáfu leyfisins.

Deiliskipulagðar vinnubúðir: kr. 187.569,- til kr. 1.875.695,- eftir umfangi.

Heimilt er að krefja sérstaks gjalds fyrir hverja yfirferð byggingarfulltrúa vegna nýrra eða breyttra gagna eftir útgáfu stöðuleyfis. Skal það gjald vera á bilinu kr. 14.429,- til kr. 43.280,- eftir umfangi verks.

Önnur tímabundin stöðuleyfi

Fyrir útgáfu stöðuleyfa samkvæmt kafla 2.6 í byggingarreglugerð skal greiða grunnjald kr. 14.429,-. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa.



Bolungarvíkurkaupstaður

Gjalddagar

Gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við leyfishafa um annan gjalddaga, í því tilvikum skal liggja fyrir skriflegur samningur Bolungarvíkurkaupstaðar og leyfishafa við útgáfu.

Innheimta gjalda

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldtökuheimild

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 50. og 51. gr. laga nr. 160/2010, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.



Bolungarvíkurkaupstaður

Gjaldskrá fyrir móttöku og förgun úrgangs á gámastöð frá 1. janúar 2019 verð með VSK

Flokkun

Allur úrgangur sem komið er með í gámastöð skal vera flokkaður og ber að koma honum í viðeigandi ílát á staðnum.

Frítt fyrir heimili með neðangreindum takmörkunum

Heimilum er frjálst að losa sig við almennan heimilísúrgang á gámavelli allt að 8m³ á ári án gjaldtöku. Fyrir umframmagn greiðist samkvæmt gjaldskrá hér að neðan.

Fyrirtæki

Fyrirtæki greiða alltaf fyrir úrgang á gámastöð samkvæmt neðangreindri gjaldskrá

Flokkur	kr/m ³	kr/kg
Pressanlegur úrgangur (mótttekinn skv. rúmtaksmælingu)	6.176	-
Pressanlegur úrgangur (mótttekinn skv. vigtarnótu af hafnarvog)		49
		-
Málmar		16
Ópressanlegur úrgangur (dæmi: húsgögn)	3.088	49
Blandað timbur -urðun (óhæft til kurlunar)	3.088	49
Timbur (hæft í kurlun og landmótun)	1.543	16
Pappír (frá fyrirtækjum / frítt frá heimilum)	-	16
Jarðvegur, múrbrot og gler	1.543	2
Garðaúrgangur	án greiðslu	
Bylgjupappi 0,00	án greiðslu	
Rúlluplast, stórsekkir, pokar PP, plastfilma, plastumbúðir	án greiðslu	
Raftæki, þvottavélar, þurrkarar, ísskápar, frystikistur ofl.	án greiðslu	
Hjólbarðar	án greiðslu	
Rafhlöður og spilliefni sem falla undir skilgreiningu Úrvinnslusjóðs	án greiðslu	
	án greiðslu	
Lágmarksgjald er gjald fyrir 1/2 rúmmetra		

Farartæki (vegna losunar eldsneytis, smurólú og kælivökva) - gjald pr. bifreið	11.330	kr/bifreið
--------------------------------------------------------------------------------	--------	------------



Gjaldskrá fyrir hundahald frá 1. janúar 2020

1. grein – Leyfi til hundahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla hunda – einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

2. grein – Um leyfisgjöld

Bolungarvíkurkaupstaður innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald og fer með innheimtu þeirra. Áskilinn er réttur til endurskoðunar á gjaldskrá samkvæmt breytingu á neysluvísitölu.

3. grein – Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

<i>Fyrsta leyfisveiting</i>	kr.	14.500,-
<i>Leyfisveiting eftir útrunninn frest</i>	kr.	21.500,-
<i>Bráðabirgðaleyfi, skammtímaskráning</i>	kr.	5.100,-

4. grein – Eftirlitsgjald

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

<i>Einn hundur</i>	kr.	12.500,-
--------------------	-----	----------

5. grein – Hundahreinsun og tryggingar

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

6. grein – Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

<i>Fyrsta afhending hunds</i>	kr.	16.000,-
<i>Önnur afhending hunds</i>	kr.	32.000,-
<i>Þriðja afhending hunds</i>	kr.	48.000,-
<i>Fyrsta afhending hunds án leyfis</i>	kr.	32.000,-

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

7. grein – Gjald dagar

Gjalddagi samkvæmt 5. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. grein – Undanþágur frá leyfisgjaldi

- 1) Undanþága vegna minkahunda og smalahunda á lögbýlum.
- 2) Undanþága vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstaklinga (t.d. fyrir daufblinda einstaklinga).
- 3) Undanþága vegna leitarhunda – samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu.
- 4) Leitarhundur er undanþeginn leyfisgjaldi ef viðkomandi hundur hafur að minnsta kosti B viðurkenningu sem útgefin er af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.



Bolungarvíkurkaupstaður

Íþróttamiðstöðin Árbær – gjaldskrá frá 1. janúar 2019

Sundlaug

Gjaldfrítt fyrir börn 6 ára og yngri	kr.	0,-
Börn 7 til 16 ára, einstakir miðar	kr.	290,-
Börn 7 til 16 ára, 10 miðar	kr.	2.350,-
Börn 7 til 16 ára, árskort	kr.	3.000,-
*Fullorðnir, einstakir miðar	kr.	980,-
Fullorðnir, 10 miðar	kr.	6.900,-
Fullorðnir, 30 miðar.....	kr.	19.500,-
Fullorðnir, 6 mánaða kort	kr.	11.700,-
Fullorðnir, árskort	kr.	18.300,-
Ellilífeyrisþegar, árskort.....	kr.	3.400,-
Öryrkjar, árskort	kr.	3.400,-
Árskort í sund gilda einnig í sundlaugar Ísafjarðarbæjar skv. gagnkvæmum samningi		

Leiga á handklæðum og sundfötum

Leiga á handklæðum/sloppum.....	kr.	700,-
Leiga á sundfötum	kr.	700,-

Íþróttasalur

Badmintonvöllur + sund	kr.	3.100,-
Salur + sund	kr.	8.900,-
Þreksalur + sund, 1 skipti	kr.	1.200,-
Þreksalur + sund, 14 skipti	kr.	12.500,-
Íþróttasalur leiga barnaafmæli.....	kr.	4.900,- per kls
Ef pantað er og greitt fyrir 3 mánuði eða meira í íþróttasal er afsláttur 25%		

Gullkort – veita aðgang að sundlaug, sauna og þreksal

Gull – mánaðarkort	kr.	13.200,-
Gull – 3 mánaðakort	kr.	23.200,-
Gull – 6 mánaðakort	kr.	33.200,-
Gull – 9 mánaðakort.....	kr.	43.200,-
*Heilsubæjarkort (árskort)	kr.	52.200,-

Greiðsludreifing er í boði vegna viðskipta sem nema hærri upphæð en kr. 25.000,-
Greiðsludreifing er allt að 5 mánuði.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá 50% afsláttur af stjórnmerktum liðum.

Árskort í sund og Heilsubæjarkort gilda sem afsláttarkort til kaupa á árskortum á skíðasvæðin í Ísafjarðarbæ.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



Leikskólinn Glaðheimar – gjaldskrá frá 1. janúar 2020

Frá og með 1. janúar 2020 verður gjaldskrá leikskólans Glaðheima samkvæmt eftirfarandi töflu. Gjaldskráin er miðuð við að 21,6 virkir dagar séu að meðaltali í mánuði.

Klst	Grunngjald	Morgunhressing	Hádegismatur	Síðdegishressing	Samtals
4	13.947	611			14.558
5	17.433	611	1.719		19.763
6	20.920	611	1.719		23.250
7	24.407	611	1.719	611	27.348
8	27.894	611	1.719	611	30.835
9	31.381	611	1.719	611	34.322
30 mín. aukagjald	1.744				1.744

Leikskólagjöld

Afslættir

Einstæðir foreldrar, námsfólk, ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu námi og starfsmenn við leikskólann í fullu starfi fá 35% afslátt af grunngjaldi. Afslátturinn nær til dvalargjalds fyrsta barns.

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunngjald, 35% afsláttur af grunngjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunngjald greiðist fyrir þriðja barn.

Fjarvera

Ef barn er fjarverandi vegna veikinda 4 vikur samfelld eða lengur er heimilt að endurgreiða helming af dvalargjaldi gegn framvísan læknisvottorðs.

Fjarvera fatlaðra og/eða langveikra barna er metin sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig af fræðslumálaráði að undangenginni skriflegri beiðni foreldra.

Takmarkanir

- Ekki er hægt að kaupa færri en 4 stundir.
- Hægt er að kaupa 15 mín. sitt hvoru megin við grunntíma og greiða 30 mín. aukagjald.

Fyrirvari um breytingar á gjaldskrá.

Áskilinn er réttur til endurskoðunar gjaldskrár m.t.t. breytinga á vísitölu launa og/eða neysliverðs.



Bolungarvíkurkaupstaður

Mötuneyti og heilsdagsskóli Grunnskóla Bolungarvíkur Gjaldskrá frá 1. janúar 2020

Heilsdagsvistun í Grunnskóla Bolungarvíkur

Tímagjald gæslu	kr. 326,-
Síðdegishressing per. skipti.....	kr. 38,-

Afsláttur fyrir einstæða foreldra og námsmenn

Einstæðir foreldrar og námsmenn, ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu námi fá 35% afslátt af tímagjaldi. Afslátturinn nær til fyrsta barns.

Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn og gjaldfrjálst fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu í heimahúsi, leikskóla og heilsdagsskóla. Þannig að yngsta barn greiði fullt grunngjald, 35% afsláttur af grunngjaldi fyrir annað barn og ekkert grunngjald fyrir þriðja barn.

Uppsögn dagvistar í heilsdagsskóla

Segja þarf upp vistun með mánaðafyrirvara.

Verðskrá mötuneytis Grunnskóla Bolungarvíkur

Hádegismatur per. dag fyrir 1-10 bekk.....	kr. 155,-
Starfsmenn sem fá aðgang að mötuneyti.....	kr 696,-

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



Ósvör – sjóminjasafn Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Gjaldskrá 2020/ Admission fee for 2020

Gjaldskrá

Fullorðnir	1.250,-
67 ára og eldri	1.000,-
Hópar á eigin vegum	1.100,-

Admission fee

16 years and older	1.250,-
67 years and older.....	1.000,-
Groups	1.100,-

Aðgangseyrir gildir fyrir bæði söfn, innan sama dags.
Admission applies for both museum on the same day.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.11.2019



Gjaldskrá Slökkviliðs Bolungarvíkur

I. Kafli

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Bolungarvíkurkaupstaðar ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim

2. gr.

Slökkvilið Bolungarvíkurkaupstaðar innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

3. gr.

Heimilt er að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum. Slíka heimild skal leggja fyrir bæjarráð.

II. KAFLI

Lögbundin verkefni.

4. gr

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga. Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 12.467 kr.

5. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimt er að lágmarki 49.868 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern



starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 49.868 kr., auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 24.934kr. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald, 12.467 kr., fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 49.868 kr., auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð. Innheimt er fast gjald fyrir eina klukkustund, 12.467 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. KAFLI

Önnur verkefni og þjónusta.

11. gr.



Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 12.467 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið, er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 16.829 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 134.644 kr.

12. gr.

Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla ekki undir lögin. Lögin ná því til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistörf í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskirteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna. Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 134.644 kr., auk 16.829 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

13. gr.

Viðbúnaður vegna upphreinsunar.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skuli beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna. Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 134.644 kr., auk 16.829 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til



hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna. Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 134.644 kr., auk 16.829 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 16.829 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið. Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælubíla t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari. Tæki Slökkviliðs Bolungarvíkurkaupstaðar skulu aðeins notuð af starfsmönnum þess. Innheimt er að lágmarki 49.868 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir. Innheimt er að lágmarki 49.868 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 49.868 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.467 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. KAFLI Innheimta.



19. gr.

Bolungarvíkurkaupstaður annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. til og með 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, er samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur 17.12.2019

Bolungarvík 1. janúar 2020

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri



Bolungarvíkurkaupstaður

Tjaldsvæði Bolungarvíkur

Gjaldskrá 2020

Húsbílar, fellihýsi, tjaldvagnar: kr 3.100,-

Tjöld: kr. 1.600,-

Rafmagn: kr. 1.300.-

Þvottur: kr. 1.300.-

Frí gisting fjórðu hverja nótt.

Gestir á tjaldsvæði fá 25% afslátt í sund.

Útilegukortið gildir á Tjaldsvæði Bolungarvíkur, samkv. reglum þess.

Starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar hefur umsjón með tjaldsvæðinu annast innheimtu og veitir allar frekari upplýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12. 2019



Tónlistarskóli Bolungarvíkur gjaldskrá frá 1. janúar 2020

Undir 18 ára og nemendur 18-22 ára.	Verð pr. önn
Hljóðfæri fullt nám	kr. 44.500,-
Hljóðfæri $\frac{3}{4}$ nám	kr. 33.400,-
Hljóðfæri $\frac{1}{2}$ nám	kr. 22.200,-
Hljóðfæraleiga	kr. 5.900,-
Söngnám fyrir byrjendur og 1. stig	kr. 44.500,-

Fullorðnir

	Verð pr. önn
Hljóðfæri fullt nám	kr. 57.900,-
Hljóðfæri $\frac{3}{4}$ nám	kr. 43.000,-
Hljóðfæri $\frac{1}{2}$ nám	kr. 28.900,-
Hljóðfæraleiga	kr. 9.000,-
Söngnám fyrir byrjendur og 1. stig	kr. 57.900,- *

*Söngnám miðast við einn kennara – ekki er reiknað með öðrum undirleikara.

Fjölskylduafsláttur

Fjölskylduafsláttur gildir aðeins fyrir 18 ára og yngri.

Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa nemendur að vera skráðir á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili

- Fyrsti nemandi sem er í viðamesta náminu greiðir fullt gjald
- Annar nemandi fær **25% afslátt**
- Þriðji nemandi fær **50% afslátt**
- Fjórði nemandi og fleiri fá **75% afslátt**

Staðgreiðsluafsláttur

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur ef öll önnin er greidd í upphafi hennar.

Gjalddagar

Gjalddagar eru 3 á hverri önn.

Ef hætt er í námi eftir að önn hefst

Ef nemandi hættir í skólanum þarf að ljúka við að greiða þá önn sem byrjuð er.



Gjaldskrá Vatnsveitu Bolungarvíkur frá 1. janúar 2020

Gjaldskrá vatnsveitu byggist annarsvegar á fastri greiðslu fyrir vatnsmæli og hinsvegar á greiðslu fyrir notað vatnsmagn.

Mælaleiga

Greidd er mælaleiga sem miðast við þvermál vatnsinntaks (stærð rennismælis)

Stærð inntaks - vatnsmælir

(Kr./dag)

DN 20	44,1
DN 25	56,7
DN 40	76,6
DN 50	93,6
DN 80	245,2
DN 100	257,4
DN 150	293,8
DN 200 og stærra	441,0

Notkunargjald

Greitt er vatnsgjald samkvæmt mældri notkun á vatni.

Notkunargjald er **40,0 kr./m³** sem samsvarar 38,4 kr. á hvert tonn af vatni.

Afslættir

Einstakir notendur sem nota umfram 18.000m³ á mánuði fá afslátt.

Afsláttur á umframmagn er ákveðin af bæjarráði í hverju tilviki fyrir sig.

Breytingar á gjaldskrá

Heimilt að breyta gjaldskrá samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á 3ja mánaða fresti í byrjun ársfjórðungs.

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



**Gjaldskrá Áhaldahúss Bolungarvíkur
frá 1. janúar 2020**

Hægt er að óska eftir eftirfarandi þjónustu hjá verkstjóra áhaldahúss eða bæjarskrifstofu í síma 450-7000.

Sláttur á görðum

Sláttur á garði að 150 m² kr 10.000,-
Sláttur á garði frá 150-300m² kr. 18.500,-
Sláttur á garði yfir 300 m² kr. 25.000,-

Fánar og stangir

Hægt er að fá leigða fánastöng og fána hjá áhaldahúsi, það er afgreitt á virkum dögum og þarf að biðja um það tveimur dögum fyrir afhendingadag.

Flaggstöng 1500 kr hver sólahringur
Íslenski fáninn 500 kr hver sólahringur

Samþykkt í bæjarstjórn 17.12.2019



Gjaldskrá Bolungarvíkurhafnar

Tekur gildi 1. janúar 2020

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Bolungarvíkurhöfn og er sett skv. heimild 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Um hafnargjöld

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjöld

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr 14,00 á mælieiningu, skv. 2.gr., en af fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðsla lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi sem þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 7,00 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, kr. 89 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr 9,760,- á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 6.580,- á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Gjald fyrir báta er nýta hafnalegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir. Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá Bolungarvíkurhöfn, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip telst ekki í rekstri hafi það legið lengur en einn mánuð í höfn og ekki greitt önnur gjöld til hafnarinnar næstu þrjá mánuði á undan.



Vörugjöld

6. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir.

1. fl. Gjald kr. 302,- fyrir hvert tonn.
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
- 2.fl. Gjald kr. 579,- fyrir hvert tonn.
Lýsi og fiskimjöl.
- 3.fl. Gjald 627,- fyrir hvert tonn.
a) Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1-3 fl.
- 4.fl. Aflagjald 1,55%
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keypta afla mánaðarlega, t.d. afrif af aflaskýrslu til Fiskistofu eða Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnasjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.325,- fyrir hvert tonn.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 225,-

Hafnsögugjöld

7. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði.

Festargjöld

8. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu er kr. 10.430,- m.v. að einn maður sinni þjónustunni. Utan hefðbundins afgreiðslutíma greiðist samkvæmt útkalli.

Sorpgjald

9. gr.

Bátar 0 - 30 brt. kr. 2.418,- á mánuði, fyrir allt að 100 kg sorps/mán. eða 1 m³/mán.
Bátar 30 - 50 brt. kr. 3.501,- á mánuði, fyrir allt að 150 kg sorps/mán. eða 1,5 m³/mán.
Bátar og skip 50 brt. og yfir kr. 7.268,- á mánuði, fyrir allt að 200 kg sorps/mán eða 2m³/mán. Farþegabátar greiða samsett sorp- og farþegagjald skv. 14. gr. Sorp er fellur til frá beitningarskúrum og bátum skal vigtað á hafnarvog þar sem þyngd þess



Bolungarvíkurkaupstaður

er skráð. Þegar þyngd þess hefur verið skráð er lykill að losunargámi afhentur. Miðað er við gjaldskrá gámastöðvar Bolungarvíkurkaupstaðar hverju sinni.

Fyrir meiriháttar úrgang og veiðarfæri til förgunar, greiðist samkvæmt gjaldskrá gámastöðvar Bolungarvíkurkaupstaðar.

Rafmagnssala

10. gr.

Verð á raforku er kr. 16,40 á kwst. Verðið tekur breytingum samkvæmt breytingum á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða.

Gjald fyrir afnot af föstum tenglum fyrir báta undir 50 brt. er : kr. 1645,-/mán.

Gjald fyrir afnot af 3ja fasa 63A tenglum eða stærri fyrir báta og skip yfir 50 brt. : kr. 6.578,- /mán.

Vatnssala

11. gr.

Bátar undir 30 brt. greiða kr. 1.411,- á mánuði.

Gjald fyrir vatn til skipa yfir 30 brt. er kr. 252-/ tonn vatns.

Lágmarks afgreiðslugjald er það sama og fyrir 10 tonn vatns.

Vigtargjald

12. gr.

Fiskur og fiskafurðir annað en loðna kr. 148 /tonn.

Loðna 74,20 kr. /tonn.

Lágmarksgjald fyrir vigtun er kr. 849,-

Gjald fyrir vigtun ökutækja er kr. 1.697,-

Útkall vigtarmanns er kr. 5.018,- á hverja klst.

Úrtaksvigtununargjald er kr. 10.736,-

Yfirvinna hefst eftir kl. 19:00

Kranagjald

13. gr.

Fyrir hverja löndun greiðist kranagjald að upphæð kr. 880,-

Farþegagjald

14. gr.

Farþegagjald er greitt fyrir báta í farþegaflutningum sumarmánuðina, júní – ágúst.

Bátar fyrir 10 farþega eða færri greiða í farþega- og sorpgjald samtals 26.024 kr/mán.

Bátar fyrir 11 til 20 farþega greiða í farþega- og sorpgjald samtals 51.937 kr/mán.

Bátar fyrir fleiri en 20 farþega greiða í farþega- og sorpgjald samtals 77.976 kr/mán.

Aðra mánuði greiða farþegabátar sorpgjald skv. 9. gr.

Önnur aðstaða

15. gr.

Grunngjald fyrir aðstöðu fyrir eldsneytisafgreiðslu er 137.900 kr/ári. Auk þess skal greiða 54.902 kr/ári fyrir hverja byrjaða 10 m í viðleguplássi.



Önnur þjónusta

16. gr.

Opnunartími hafnarvogar er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 alla virka daga og frá kl. 13:00 til 18:00 um helgar. Á öðrum tíma en hér greinir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, kr. 5.018,- fyrir hverja klst. eða að lágmarki kr 20.072,-. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar eftir kl. 22:00 á virkum dögum og eftir kl. 18:00 um helgar skal erindi þess efnis hafa borist hafnarstarfsmanni klukkutíma fyrir lokun hafnarinnar. Að öðrum kosti verður þjónustu ekki sinnt fyrr en eftir kl. 08:00 næsta morgun nema ef um neyðartilfelli sé að ræða.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda

17. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

18. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

19. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar er úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er greiða skal gjöldin.

20. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari er lagður 24,0% virðisaukaskattur sbr.3.tl. 3.gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að undanskildum farþegagjöldum skv. 14. gr.



Bolungarvíkurkaupstaður

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

22. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Bolungarvíkurhöfn er samþykkt af hafnarstjórn Bolungarvíkur á fundi dags. 26. nóvember 2018 og bæjarstjórn Bolungarvíkur á fundi dags. 11. desember 2018 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur þann. 17. desember 2019

Hafnarstjórinn í Bolungarvík, 1. janúar 2020

*Jón Páll Hreinsson
hafnarstjóri*



Gjaldskrá Bókasafns Bolungarvíkur
frá 1. janúar 2020 Áskriftargjöld og gjöld fyrir þjónustu

Nýtt skírteini, Bolvíkingar	Frítt
Nýtt skírteini fyrir lánþega utan Bolungarvíkur	2.000,-
Millisafnalán (annað en Ísafjörður)	500,-

Sektir vegna vanskila

Ef bók er ekki skilað innan tilskilins tíma þarf lánþegi að greiða sekt.

Sekt fyrir hverja bók	10 kr. á dag
Hámarksekt	600,-

Glataðar bækur

Ef bækur í útláni glatast þarf lánþegi að greiða bætur fyrir hverja bók sem glatast hefur. Upphæð bótanna ræðst af tegund bókar.

Nýjar innbundnar bækur	4.000,-
Kiljur	2.000,-
Barnabækur	2.000,-
Gamlar bækur	1.500,-

Einnig getur lánþegi útvegað nýtt eintak af glataðri bók.



Reglur um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna utan leikskóla árið 2020

1. grein – Réttur til niðurgreiðslu.

Foreldrar allra barna sem dvelja hjá dagforeldrum og eiga lögheimili í Bolungarvík eiga rétt á niðurgreiðslu dvalargjalds frá hámarksrétti fæðingarorlofs þar til leikskólapláss býðst. Hámarksréttur fæðingarorlofs er 9 mánuðir fyrir hjón og sambúðarfólk og 6 mánuðir fyrir einstætt foreldri.

2. grein – Upphæð niðurgreiðslu og grunnjald.

Daggæslugjöld eru greidd niður í allt að 11 mánuði hvert ár. Gjaldið sem kemur til greiðslu eftir að niðurgreiðslur til dagmæðra hafa verið dregnar frá er skilgreint sem grunnjald. Um tvo niðurgreiðsluflokka er að ræða:

Flokkur A – Hjón

kr. 7.082,- yfir mánuðinn - á hverja gæslustund pr. dag, eða að hámarki 56.656,- kr. á mánuði m.v. 8 stunda vistun hvern virkan dag mánaðarins.

Flokkur B einstæðir foreldrar

kr. 8.500,- yfir mánuðinn á hverja gæslustund pr. dag eða að hámarki kr. 67.996,- kr. á mánuði m.v. 8 stunda vistun hvern virkan dag mánaðarins.

Daggæslugjöld er greidd niður fyrir allt að 8 klst. vistun per virkan dag.

Niðurgreiðslan er hlutfallsleg fyrir færri en 8 klst. vistun pr. dag. Eingöngu er hægt að fá niðurgreiðslu vegna vistunar á dagvinnutíma virka daga vikunnar.

3. grein – Skilyrði fyrir niðurgreiðslum eru:

1. Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu í því húsnæði sem um ræðir.
2. Að foreldrar hafi ekki hafnað leikskólaplássi vegna viðkomandi barns

4. grein – Systkinaafsláttur.

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunnjald, 35% afsláttur af grunnjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunnjald greiðist fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og /eða skóladagvistunar.

5. grein – Útborgun afsláttar.

Framvísa þarf kvittun frá viðkomandi dagforeldri, staðfest af foreldri á skrifstofu bæjarsjóðs Bolungarvíkur, innan mánaðar frá því að greiðsla fer fram, til að fá endurgreitt. Einnig geta dagmæður samið um að taka einungis við nettógreiðslu frá foreldrum og sjá þá sjálfar um að innheimta niðurgreiðslurnar frá sveitarfélaginu.



Reglur um álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2020

Fasteignaskattur

Skattflokkur A	
Íbúðarhúsnæði	0,625% af fasteignamati húss og lóðar.
Skattflokkur B	
Opinbert húsnæði í eigu ríkisins	1,32% af fasteignamati húss og lóðar
Skattflokkur C	
Aðrar fasteignir	1,65% af fasteignamati húss og lóðar.

Heimild til lækkunar fasteignaskatta

Notuð er heimild til lækkunar fasteignaskatta hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum af íbúð til eigin nota. Lækkun fasteignaskattsins er tekjutengd miðað við heildartekjur 2018 og álagningu skattstjóra 2019, samkvæmt eftirfarandi tekjumörkum:

Einstaklingur með tekjur allt að	kr. 3.460.000	100 %	lækkun fasteignaskatts.
Einstaklingur með tekjur allt að	kr. 4.500.000	50 %	lækkun fasteignaskatts.
Hjón með tekjur allt að	kr. 5.665.000	100 %	lækkun fasteignaskatts.
Hjón með tekjur allt að	kr. 8.210.000	50 %	lækkun fasteignaskatts.

Þeir sem telja sig eiga rétt á lækkun fasteignaskatts eru vinsamlegast beðnir að snúa sér til bæjarskrifstofunnar, og leggja fram afrit af síðustu skattaskýrslu.

Vatnsgjald, holræsagjald og lóðarleiga

Vatnsgjald	0,4 %	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,275 %	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga – íbúðarhúsalóð	1,4 %	af fasteignamati lóðar
Lóðarleiga – allar aðrar lóðir	2,5 %	af fasteignamati lóðar

Sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld

Sorphreinsigjald	kr. 28.650 á íbúð
Sorpeyðingargjald	kr. 22.500 á íbúð (samtals kr. 51.150)

Sorpgjöld á fyrirtæki og lögaðila eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem tekur mið af sorpmagni.

Gjalddagar

Fyrir ofangreind gjöld sem eru samtals yfir 45.000 kr. eru gjalddagar 10 talsins <i>1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.</i>
Fyrir gjöld sem samtals eru undir kr. 45.000.- er gjalddaginn 1. mars 2020.